

ÁRSSKÝRSLA 2004





UMHVERFISSTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA 2004

EFNISYFIRLIT:

INNGANGUR	3
HLUTVERK OG UPPBYGGING	4
Skipurit og viðfangsefni	4
FJÁRMÁL OG REKSTUR	5
NOKKRIR VIÐBURÐIR	8
Skaftafellspjóðgarður	8
Fæðubótarefni	8
Náttúruverndarmál	8
Gestastofa á Hellnum	8
Skipsströnd	8
Norræna umhverfismerkið	9
Ný ritröð	9
Fræðslufundir	9
Strýturnar í Eyjafirði	10
Leyfisveitingar, umsagnir og starfsleyfisskilyrði	10
Hæfniskröfur skotveiðimanna	10
Ósonmælingar	10
NOKKUR VERKEFNI SEM UNNIN VORU Á ÁRINU	11
Átak um neysluvatn	11
Ný efni	12
Sæfiefni	12
Campylobacter	13
Rafræn skil	14
Varnarefni	15
Útstreymisbókhalð	16
Sjálfbóðaliðastarf	17
Snæfellsjökull	18
Mengun sjávar og stranda	18
Samstarf UST og HES	19
VIÐAUKAR	20

UST-2005:06

Hönnun, umbrot og prentun: Gutenberg

Ljósmyndir: Snævarr Guðmundsson, Kristján Maack,

Jóhann Óli Hilmarsson auk starfsmanna Umhverfisstofnunar

INNGANGUR

Umhverfisstofnun hefur nú lokið öðru starfsári sínu og starf hennar, vinnulag og verkferli að komast í fastara form. Málaflokkar þeir sem stofnunin sér um vinna sér sífellt frekari sess í samfélaginu. Eitt af viðfangsefnum síðasta árs hefur verið að skilgreina verkskil milli Umhverfisstofnunar og annarra aðila í stjórnsýslunni.

Umhverfisstofnun vann að fjölmörgum verkefnum á yfirstandandi ári eins og meðfylgjandi ársskýrsla ber með sér. Þá er öll stjórnsýsla varðandi umhverfismál orðin mun opnari en hún var og almenningur hefur nýtt sér það, t.d. með að kalla eftir skýringum á tilteknum ákvörðunum stjórnvalda. Slíkt er mikilsverður réttur hvers einstaklings en, eins og annað, kallar á aukna vinnu hjá stofnuninni.

Hvað varðar innra starf var á síðasta ári lokið við gerð 11 stofnanasamninga við stéttarfélag starfsmanna sem vinna hjá stofnuninni. Það kostaði mikla vinnu að semja við svo marga mismunandi aðila. Samningur ríkisins við 24 félag innan BHMR sem lokið var nýlega gefur von um meiri skilvirkni. Á árinu 2004 var lokið endurgerð starfsmannahandbókar. Umhverfisstofnun leggur metnað sinn í að vera með virka starfsmannastefnu enda er starfsólkið sú auðlind sem hún byggir starf sitt á. Umhverfisstofnun nýtur þess umfram flestar aðrar stofnanir og fyrirtæki að atvinna stórs hluta starfsmanna er um leið áhugamál þess. Sérstakt átak var gert í fræðslumálum með kynningarfundum, gerð prentaðs fræðsluefnis, þ.m.t. upplýsingablöð um tiltekin málafni, auk þess sem vefurinn er sífellt að verða mikilvægari miðill. Fræðslustarfið hefur skilað sér í aukinni kynningu og betri þekkingu stjórnvalda og almennings á starfi og málafnum stofnunarinnar.

Íslensk stjórnvöld eru skuldbundin, í gegnum EES samninginn, til að taka upp reglur Evrópusambandsins er varða frjálst flæði vöru og þjónustu á sameiginlegum markaði. Tilgangur sameiginlegs markaðar er að sjálfsögðu aukin viðskipti og hagvöxtur. Innan sambandsins hefur dregið verulega úr beinni þátttöku ríkisvaldsins í atvinnulífinu, en í þess stað er leitast við að setja niður almennar reglur fyrir atvinnulífið og samfélagið. Umtalsverður hluti reglnanna er settur til að tryggja rétt almennings að öruggum matvælum og lítt snortnu og ómenguðu umhverfi. Það er hlutverk umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar að fylgja þessum reglum eftir og lætur nærri að þau sinni um 40% af þeim fjölda reglugerða og tilskipana sem settar eru á grundvelli EES samningsins. Á síðustu tveimur árum voru til að mynda innleiddar 69 tilskipanir, reglugerðir og auglýsingar Evrópusambandsins sem Umhverfisstofnun kom að með beinum hætti. Þessar skuldbindingar eru margháttaðar og fela í sér auknar kröfur til atvinnulífs og stjórnsýslu vegna umhverfis- eða matvælaöryggismála. Umhverfisstofnun sér ýmist um framkvæmd reglnanna, samræmingu eða eftirlit með framkvæmd. Skort hefur á að fjárveitingar til að sinna þessum verkefnum komi á sama tíma og í sama mæli og skuldbindingarnar, og virðist erfitt að fá viðurkenningu á því að vægi málaflokksins hefur aukist umfram flesta málaflokka og að framkvæmdin kostar fjármuni. Þar er verk að vinna fyrir stofnunina og þá sem starfa að umhverfis- og matvælaöryggismálum.

Fjárveitingar til náttúruverndar jukust verulega á síðasta ári og það er mikið fagnaðarefni. Með því átaki stækkar Skaftafells-þjóðgarður, ennfremur hillir undir að unnt sé að taka á móti gestum í Jökulsárgljúfrum og á Hellissandi í gestastofum og náttúruvernd fái þann sess sem henni ber í samfélaginu. Rekstur stofnunarinnar í heild var hins vegar frekar þungur og stafar það af undirliggjandi vanda sem er mikið til þrjúþættur:

- 1) Kvaðir sem koma mikið til sjálfvirkt í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og stjórnvöld hafa þann kost einan að laga að íslenskum rétti. Fjárveitingar til framkvæmda hafa ekki vaxið að sama skapi og kvaðirnar og skortir talsvert á að þær séu í samræmi við kröfur um framkvæmd og væntingar um skil verkefna.
- 2) Fjöldi ferðamanna að helstu náttúruvernum hefur aukist verulega og samhliða hafa kröfur verið að aukast varðandi aðbúnað og upplýsingu á þessum svæðum. Fjármunir sem fara til móttöku gesta og framkvæmdir á þessum stöðum eru ekki í samræmi við þær kröfur sem gera þarf til slíkrar starfsemi. Fjármunirnir eru ekki heldur í samræmi við tekjur samfélagsins af erlendum ferðamönnum sem hingað eru komnir til að njóta þessara auðlinda með okkur.
- 3) Umhverfisstofnun þarf tiltekna grunnupplýsingar til að geta tekið vel grundaðar ákvarðanir og metið hvað er í húfi hverju sinni. Slíkra upplýsinga þarf að afla með vinnuframlagi eða kaupa að. Þessi þörf er ekki fjármöggnuð nema að litlu leyti.

Umhverfisstofnun er nú að hefja sitt þriðja starfsár. Hún hefur mjög hæft og metnaðarfullt starfsfólk sem vinnur með skipulegum hætti í samræmi við stefnumið stofnunarinnar. Fái Umhverfisstofnun þau verkfæri sem hún þarf til að geta sinnt skuldbindingum sínum, mun hún hafa afl til að ljúka þeim með sóma, og geta unnið að því með landsmönnum að þeir, samhliða góðum efnahag, fái notið hreins og lítt snortins umhverfis og nýtt örugga matvæla. Það er kjarninn í hugtakinu sjálfbær þróun.

Mars 2005
Davíð Egilson

HLUTVERK OG UPPBYGGING STOFNUNARINNAR


Umhverfisstofnun starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun. Hlutverk hennar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Umhverfisstofnun heyrir undir umhverfisráðuneytið.

- **Heilnæmt umhverfi** – að athafnir mannsins og þau efni sem hann notar og framleiðir spilli ekki að óþörfu auðlindum landsins og vistkerfi.
- **Öryggi neytenda** – að matvæli, aðrar neyslu- og efnavörur valdi ekki heilsutjóni, slysum á fólki eða mengun.
- **Sjálfbær nýting** – að ekki sé gengið á rétt viðkomandi kynslóða til lífsgæða.

SKIPURIT UMHVERFISSTOFNUNAR

Skipting í svið innan stofnunarinnar endurspeglar meginlínur í verkefnum.

Innan sviða starfa fageiningar við einstök málefni. Sum málefni ganga þvert á nokkur eða öll svið stofnunarinnar.



FJÁRHAGS- OG REKSTRARSVIÐ

Starfsmenn fjárhags- og rekstrarsviðs sjá um allan almennan rekstur stofnunarinnar, fjármál, starfsmannamál, símsvörun og móttöku, skjalavörslu, bókasafn, tölvumál, eignaumsýslu og mötuneyti. Einnig ber sviðið ábyrgð á fræðslumálum og gæðamálum stofnunarinnar. Innan fjárhags- og rekstrarsviðs fer fram gerð fjárlagatillagna og fjárhagsáætlana og virkt eftirlit með kostnaði innan stofnunarinnar. Sviðið skiptist í skrifstofu- og fræðslueiningu.

FRAMKVÆMDA- OG EFTIRLITSSVIÐ

Framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar sér um framkvæmd þeirra verkefna sem stofnuninni eru falin á sviði mengunarvarna, hollustuhátta og náttúruverndar.

Sviðið skiptist í eftirlitseiningu, mannvirkja- og skipulagseiningu, vöktunar- og gagnavinnsluaeiningu, auk verkefna sem tengjast umhverfismerkingum og hollustuháttum.

MATVÆLASVIÐ

Matvælasvið starfar í þremur einingum sem eru: næring og neytendur, matvælaöryggi og eftirlit. Meginverkefni sviðsins eru gerð reglugerða og yfirumsjón með matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Margháttað forvarnarstarf og framkvæmd innflutningseftirlits skipa einnig mikilvægan sess.

NÁTTÚRUVERNDAR- OG ÚTIVISTARSVIÐ

Náttúruverndarsvið sér um friðlýst svæði og þjóðgarða. Reglur um friðlýst svæði eru mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila. Íslendingar hafa friðlýst rösklega 80 svæði skv. lögum um náttúruvernd. Þessi svæði eru þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti og fólkvangar. Í náttúruminjaskrá er getið þeirra svæða sem eru merkileg vegna náttúrufræðis en hafa ekki hlotið friðlýsingu.

RANNSÓKNARSTOFA

Rannsóknarstofan er fjárhagslega aðskilin frá Umhverfisstofnun. Rannsóknarstofan annast örveru- og efnifræðilegar rannsóknir á sviði matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Stór hluti þeirra aðferða sem notaðar eru við örverurannsóknir á matvælum og vatni er nú faggiltur og stefnt er að því að aðrar algengar þjónustumælingar sem rannsóknarstofan býður upp á verði faggiltar á næstu árum.

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Stjórnsýslusvið starfar í fimm einingum sem fjalla um mengun hafsins, reglusetningar, starfsleyfi, dýravernd og sæfi- og varnarefni. Meginverkefni sviðsins taka til vinnu við gerð reglugerða, þar með talið vegna innleiðingar Evrópugerða og alþjóðasamninga í íslensk lög. Stjórnsýslusvið sér einnig um framkvæmd Montreal-bókunarinnar, svo og gerð starfsleyfa fyrir margháttaða starfsemi sem fellur undir verkefni sviðsins, svo sem mengandi atvinnurekstur.

VEIÐISTJÓRNUNARSVIÐ


Veiðistjórnunarsvið hefur yfirumsjón með öllum fuglaveiðum og veiðum á landspendýrum á Íslandi. Veiðistjórnunarsvið annast m.a. útgáfu veiðikorta, úthlutun veiðileyfa á hreindýr og heldur hæfnispróf og námskeið fyrir verðandi veiðimenn. Einnig sér sviðið um hæfnispróf og námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum og úthlutar arði af hreindýraveiðum til landeigenda.

FJÁRMÁL OG REKSTUR


Heildarvelta Umhverfisstofnunar (samkvæmt bráðabirgðatölum) fyrir árið 2004 er um 734 m.kr. Þar af eru sértekjur um 128 m.kr., ríkistekjur um 8 m.kr. og markaðar tekjur um 63 m.kr. Sértekjur stofnunarinnar skiptast á marga liði en þær helstu eru örveru- og efnarannsóknir fyrir fyrirtæki og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, tjaldleiga o.fl. í þjóðgörðum auk útseldrar vinnu sérfræðinga. Ríkistekjur eru mengunareftirlitsgjöld. Markaðar tekjur koma frá sölu á hreindýraleyfum, veiðikortaleyfum og útgáfu starfsleyfa. Framlag frá ríkissjóði er um 518 m.kr. Halli á rekstri stofnunarinnar er um 15 m.kr.

Þegar litið er á skiptingu gjalda hjá stofnuninni, er launakostnaður langstærsti einstaki gjaldaliðurinn, eða um 55%. Aðkeypt þjónusta og húsnæðis-kostnaður eru 10% hvort af rekstrargjöldum stofnunarinnar. Starfstengdur kostnaður er 7%. Inni í þeim kostnaði er innlendir og erlendir ferðakostnaður sem tengist ýmsum verkefnasviðum stofnunarinnar, en starfsemin kallar á ferðalög innanlands auk erlends samstarfs. Stofnunin hefur umsjón með um 40% af Evrópugerðum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða. Meðfylgjandi súlurit sýnir fjölda Evrópugerða sem eru komnar inn í samninginn. Tilfærslur til annarra aðila eru 9% af rekstrargjöldum. Innifaldar í tilfærslum eru greiðslur til sveitarfélaga fyrir refa- og minkaveiðar, um 19 m.kr., og greiðslur vegna innheimtu á veiðikortum. Stærsti einstaki aðilinn sem hefur fengið fjárveitingu úr Veiðikortasjóði 2004 er Náttúrfræðistofnun Íslands með 9 m.kr. Einnig eru í tilfærslum arðgreiðslur vegna hreindýraveiða, samanlagt að upphæð um 37 m.kr. Meðfylgjandi súlurit sýna skiptingu tekna og gjalda hjá stofnuninni árin 2003 og 2004. Auk þess er skífurit sem sýnir skiptingu heildargjalda, greind á rekstrarliði.


Rekstrargjöld UST í m.kr.




Tekjur UST í m.kr.



Heildargjöld – greind á rekstrarliði



EB gerðir sem teknar hafa verið inn í ES-samninginn 1993-2004



REKSTRARYFIRLIT ÁRSINS 2004

(BRÁÐABIRGÐARTÖLUR)

TEKJUR:	(Þús. kr.)	2004	2003
Sértekjur		128.370	146.186
Markaðar tekjur		63.306	64.666
Aðrar rekstrartekjur		7.770	8.768
Tekjur samtals		199.446	219.620
GJÖLD:			
Launagjöld		405.167	356.887
Starfstengdur kostnaður		52.922	50.806
Aðkeypt þjónusta		76.185	102.149
Ýmis rekstrarkostnaður		28.229	42.479
Húsnæðiskostnaður		69.996	63.176
Bifreiðakostnaður		6.458	8.434
Tilfærslur		68.582	74.084
Rekstrargjöld samtals		707.539	698.015
Eignakaup		27.102	12.095
Gjöld samtals		734.641	710.110
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		1.500	1.582
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag		(533.695)	(488.908)
Ríkisframlag		518.600	487.700
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		(15.095)	(1.208)






STARFSMANNAMÁL


Í árslok 2004 voru starfsmenn stofnunarinnar 86 að tölu, 46 konur og 40 karlar. Ársverk voru rúmlega 83. Starfsmannavelta ársins var 5%. Ráðið var í 6 ný störf hjá stofnuninni þar af 5 tímabundin. Eitt af stærri verkefnum sem lauk á árinu 2004 var gerð stofnanasamninga við 11 stéttarfélag. Ein af áherslum UST er að hlúa að endurmenntun starfsmanna. Stofnunin styrkir starfsmenn til að sækja námskeið auk þess sem stofnunin heldur námskeið fyrir starfsfólk sitt. Sameiginleg námskeið fyrir starfsfólk árið 2004 voru námskeið um stjórnsýslulög og upplýsingalög, námskeið um Evrópusamvinnu auk tölvunámskeiða. Haustið 2004 hóf UST fyrirlestraröð fyrir starfsfólk sitt aðra hverja viku sem kallast Menntun með morgunkaffinu. Fyrirlesarar koma m.a. úr atvinnulífinu og hafa kynnt ýmis áhugaverð málafni svo sem Staðardagskrá 21, starfsemi Úrvinnslusjóðs auk fyrirlestra um ræðumennsku og framkomu. Auk fastráðinna og skammtímaráðinna starfsmanna stofnunarinnar eru landverðir og verkamenn ráðnir yfir sumarmánuðina í störf í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, samtals voru 45 sumarstarfsmenn árið 2004. Meðalaldur starfsmanna í árslok 2004 er 46,2 ár. Aldursdreifing starfsmanna sést á meðfylgjandi súluriti.

Skipting menntunar í árslok 2004



Menntunarstig starfsmanna stofnunarinnar er frekar hátt, um 71% starfsmanna hafa lokið námi á háskólastigi. Dreifing menntunar starfsmanna Umhverfisstofnunar sést á meðfylgjandi skífuriti.

Aldursdreifing starfsmanna, kynjaskipt



NOKKRIR VIÐBURÐIR ÁRSINS 2004



STÆKKUN SKAFTAFELLSPJÓÐGARÐSINS

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður 15. september 1967 og var þjóðgarðslandið þá um 500 km² að flatarmáli. Þjóðgarðurinn var stækkaður 27. júní 1984 í 1700 km² og þann 28. október 2004 staðfesti umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, nýja reglugerð um stækkun þjóðgarðsins sem felur í sér þreföldun á flatarmáli þjóðgarðsins, sem er nú er orðinn 4.807 km². Skaftafellsþjóðgarður nær nú m.a. til svæðis sem nemur um 57% af Vatnajökli auk Lakagígasvæðisins. Á árinu 2004 var ákveðið að ráða tvo fasta starfsmenn í stöður landvarða og verður annar með starfsstöð á Kirkjubæjarklaustri en hinn á Höfn í Hornafirði.

NÝJAR REGLUR VARÐANDI FÆÐUBÓTAREFNI

Í júlí 2004 var gefin út reglugerð nr. 624/2004 um fæðubótarefni. Útgáfan markaði viss tímamót því með henni tók Umhverfisstofnun við málaflokknum af Lyfjastofnun. Allnokkrir fundir voru haldnir á árinu til að kynna væntanlegar reglur fyrir hagsmunaaðilum og þeim kynntir frestir sem gefnir hafa verið til að aðlagast nýjum reglum. Þar sem margar vörur sem flokkast sem fæðubótarefni eru á íslenskum markaði er framundan mikil vinna við að setja skýrar reglur um þær vörur sem Lyfjastofnun fjallaði áður um. Ljóst er að mikið mun mæða á starfsfólki Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og ekki síst á starfsfólki fyrirtækja og einstaklingum í innflutningi og framleiðslu við að koma málum er tengjast fæðubótarefnum í góðan farveg.

STYRKIR VEITTIR VEGNA NÁTTÚRUVERNDARMÁLA

Í júní s.l. veittu umhverfisráðherra, samgönguráðherra og iðnaðarráðherra sex milljónum króna til uppbyggingar gestastofu (Gljúfrastofu) í Jökulsárgljúfrum og í september ákvað Pokasjóður, að tillögu ÁTVR, að leggja fram fjórar milljónir króna til viðhalds og endurgerðar göngustíga í friðlandinu við Gullfoss og Sigríðarstofu sem eru í umsjón Umhverfisstofnunar.

OPNUN GESTASTOFU Á HELLNUM

Þann 4. júlí var opnuð gestastofa Snæfellsjökuls þjóðgarðs að Hellnum. Í gestastofunni er boðið upp á margvíslegan fróðleik fyrir börn og fullorðna. Á sýningunni í gestastofunni er lögð áhersla á náttúrufar svæðisins undir Jökli og lífsskilyrði vermannanna áður fyrr. Reynt er að tvinna þessa þætti saman þannig að nútímamaðurinn geti betur sett sig í spor vermannanna. Á sýningunni í gestastofunni er mikið af fallegum ljósmyndum og munum og þar geta börn ekki síður en fullorðnir fundið eitthvað við sitt hæfi. Í gestastofunni er hugað að þörfum blindra þar sem búið er að þýða upplýsingar um þjóðgarðinn á blindraletur.

VIÐBRÖGÐ VIÐ VÁ - SKIPSSTRÖND

Baldvín Þorsteinsson EA 10 strandaði rétt fyrir austan Skarðsfjöruvita þann 9. mars árið 2004. Fenginn var dráttarbátur frá Noregi í því skyni að draga skipið út og 17. mars náðist að losa skipið. Með leyfi umhverfisráðuneytisins var um 700 tonnum af loðnuafli skipsins dælt fyrir borð í því skyni að létta skipið. Nær ekkert af loðnunni barst á land, virðist hana hafa rekið með straumum austur með ströndinni.

Þann 26. júní 2004 strandaði tyrkneska súrálflutningaskipið Kiran Pacific á skeri 3,3 sjómílar (6 km) norðvestur af Straumsvíkurhöfn. Í skipinu voru 539 rúmmetrar af ýmiskonar olíu. Þann 28. júní náðist að losa skipið af skerinu á háflóði.

Í báðum tilfellum var Umhverfisstofnun í viðbragðsstöðu og viðbúin því að bregðast við mengun frá skipunum. Ekki varð vart við olíuleka eða mengun frá skipunum.



NORRÆNA UMHVERFISMERKIÐ - HELSTU ÁFANGAR ÁRIÐ 2004

Norræna umhverfismerkið Svanurinn fagnaði fimmtán ára afmæli í árslok. Svanurinn hefur náð góðri fótfestu á Norðurlöndunum, sérstaklega í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, en staða hans er nokkuð lakari á Íslandi og í Danmörku. Hér á landi bar það hæst í starfsemi Svansins að tvö íslensk fyrirtæki fengu Svansleyfi, annars vegar Farfuglaheimilið í Reykjavík, sem fékk leyfi í júní, og hins vegar Fyrirtækjaþjónusta Enjo, sem hlaut ræstingarþjónustuleyfi í október. Árið 2004 einkenndist af undirbúningi fyrir markaðsátak sem hefst vorið 2005. Markmið átaksins er að auka þekkingu almennings á merkinu og því sem það stendur fyrir.

UPPLÝSINGA- OG STAÐREYNDARIT - RITRÖÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Ný ritröð leit dagsins ljós í júlí. Ritröðin nefnist „Upplýsingar og staðreyndir“ og komu út 6 rit á árinu. Í hverju riti, sem er 2 - 4 síður að lengd á stuttu og hnitmiðuðu máli, er tekið fyrir eitt mikilvægt málefni sem varðar umhverfi og neytendur.

FRÆÐSLUFUNDIR FYRIR ALMENNING

Mikilvægur þáttur í starfsemi Umhverfisstofnunar er miðlun fróðleiks til almennings á þann hátt að hann nýtist í daglegu lífi og starfi. Undanfarin ár hefur matvælasvið Umhverfisstofnunar haldið mánaðarlega fyrirlestra sem eru öllum opnir og hafa þeir mælst mjög vel fyrir. Síðastliðið haust var þessum fyrirlestrum fjölgað með þátttöku allra sviða stofnunarinnar. Fyrirlestrarnir voru um hin ýmsu málefni.





STRÝTURNAR Í EYJAFIRÐI

Fyrir miðjum Eyjafirði, milli Vikurskarðs og Hjalteyrar, er að finna náttúruundur, þrjár mjóar hverastrýtur, sem teygja sig hátt upp af hafsbotni. Neðansjávarhverastrýtur eru tiltölulega nýuppgeötvuð fyrirbæri og hafa vakið mikla athygli. Þær fundust fyrst við Galapagoseyjjar árið 1977 en nú hafa fleiri en 40 slík svæði fundist í heimshöfunum, þar af átta í Atlantshafi. Til að auðvelda köfuum aðgengi var merkingum og öðrum búnaði komið fyrir árið 2003.

Árið 2001 friðlýsti umhverfisráðherra hverastrýturnar á botni Eyjafjarðar og næsta nágrenni þeirra sem náttúruvætti. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda einstakt náttúrufrýrbrigði sem felst í myndun hverastrýtnanna, efnasamsetningu, útliti og lögun ásamt örveruvistkerfi sem þar þrífst við óvenjulegar aðstæður.

LEYFISVEITINGAR, UMSAGNIR OG STARFSLEYFISKILYRÐI

LEYFISVEITINGAR

Starfsréttindi – meindýraeyðar: 24, þar af 21 endurnýjuð
 Starfsréttindi – garðaúðarar: 19, þar af 16 endurnýjuð
 Dýrahald í atvinnuskyni: 25 sýningarleyfi og 15 leyfi til dýrahalds í atvinnuskyni
 Varp dýpkunarefna: 2

UMSAGNIR VEGNA LEYFISVEITINGA

Skráningar og undanþágur varnarefna: 37
 Söluleyfi eiturefna og varnarefna: 6
 Leyfi til að kaupa og nota eiturefni: 2
 Leyfi til að kaupa og nota varnarefni: 32

ÚTGÁFA SAMRÆMDRA STARFSLEYFISKILYRÐA

- Starfsleyfiskilyrði fyrir starfsemi með dýr
- Starfsleyfiskilyrði fyrir hestaleigur og reiðskóla
- Starfsleyfiskilyrði fyrir tjald- og hjólhýsasvæði
- Starfsleyfiskilyrði fyrir heimili og stofnanir fyrir börn
- Starfsleyfiskilyrði fyrir baðstofur
- Samræmd starfsleyfiskilyrði fyrir stórar spennistöðvar
- Samræmd starfsleyfiskilyrði fyrir námur
- Samræmd starfsleyfiskilyrði fyrir mjólkuriðnað

SAMSTARF NORÐURLANDA UM HÆFNISKRÖFUR TIL SKOTVEIÐIMANNA


Sífeltil fleiri skotveiðimenn fara á hreindýraveiðar hérlendis og ennfremur fer sá hópur stækkandi sem leitar til útlanda til veiða á ýmsum stórum dýrum. Rík hefð er fyrir veiðum á stórum dýrum á Norðurlöndunum og á árinu var stigið skref í þá átt að samræma hæfniskröfur til skotveiðimanna í þessum löndum. Megintilgangurinn er að ganga úr skugga um að skotveiðimenn búi yfir færni sem tryggir mannúðlega og skjóta aflifun bráðarinnar. Efla og lengja þarf hæfnisnámskeið hérlendis til þess að þau séu sambærileg námskeiðum á hinum Norðurlöndunum.

ÓSONMÆLINGAR Á HVANNEYRI

Í júní 2004 setti Umhverfisstofnun upp ósonmæli í mæliskúr Veðurstofu Íslands á Hvanneyri. Mælirinn er sjálfvirkur og er náð í gögnin með GSM mótaldir nokkrum sinnum á sólarhring. Mældur er styrkur ósons við yfirborð jarðar. Tilgangur mælinganna á Hvanneyri er að sýna betur bakgrunnsstyrk ósons fjarri þéttari byggð. Meðfylgjandi línurit ber saman styrk ósons í Reykjavík við þann styrk sem mælist á Hvanneyri. Á línuritinu sést að styrkur ósons er lægri í borginni en í dreifbýli vegna efna í útblæstri bifreiða, sem hvarfast við óson og valda lægri ósonstyrk þar sem umferð er meiri.

Styrkur ósons

Samanburður á milli Hvanneyrar og Reykjavíkur



NOKKUR VERKEFNI ÁRSINS 2004

ÁTAK UM NEYSLUVATN

Í júní árið 2001 kom út ný reglugerð um neysluvatn. Helsta breytingin í reglugerðinni var að allar vatnsveitur sem þjóna matvælafyrirtækjum urðu starfsleyfis- og eftirlitsskyldar. Matvælafyrirtæki eru m.a. kúabú, en þau eru allmörg með einkavatsveitur. Kannað var hve margar einkavatsveitur væru í landinu og var niðurstaðan sú að þær væru á bilinu 700 - 2000 talsins. Af því tilefni var hrint af stað átaki um hreint neysluvatn undir forystu Umhverfisstofnunar (þá Hollustuvernd ríkisins). Átakið var styrkt af Bændasamtökum Íslands, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði og umhverfisráðuneytinu.

Markmið átaksins var að tryggja gæði neysluvatns með fyrirbyggjandi aðgerðum og einfaldara eftirliti svo hægt sé að koma í veg fyrir óþarfa kostnað sem getur komið til ef viðhaldi vatnsveitna er ábótavant. Átakinu var skipt niður í fjóra hluta og voru þeir eftirfarandi:

1. Gerð leiðbeininga um val og hönnun minni vatnsbóla.
2. Námskeið fyrir eftirlitsaðila, eigendur minni vatnsbóla og þá sem koma að gerð þeirra.
3. Skráning allra starfsleyfis- og eftirlitsskyldra vatnsbóla.
4. Gerð gagnagrunns á grunni skráninganna.

Fyrsta hluta átaksins lauk með útgáfu eins rits og eins bækling. Ritið sem kom út haustið 2002 var ítarlegt en það var ætlað heilbrigðisfulltrúum og framkvæmdaraðilum. Sumarið 2003 kom út 16 síðna bæklingur og var hann ætlaður eigendum vatnsbóla.


Annar hluti átaksins var námskeið sem haldið var dagana 9. og 10. september 2002 á Hótel Örk í Hveragerði. Námskeiðið var vel sótt og þar var m.a. fjallað um mikilvægi hreins vatns, val og hönnun minni vatnsbóla, vatnsvernd, vatnsleit, staðsetningu og hönnun brunna, lagnir frá brunni að krana og frágang vatnsbóla m.t.t. mengunarþátta s.s. rotþróa, kirkjugarða og urðunarstaða. Þriðji hluti átaksins hófst árið 2003 þegar Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fór að veita einkavatsveitum starfsleyfi. Þetta er mikilvægasti hluti verkefnisins þar sem mörg heilbrigðiseftirlitssvæði hafa lagt á sig mikla og góða vinnu. Fjórði hluti átaksins hófst í janúar síðastliðnum þar sem heilbrigðiseftirlitssvæðin voru beðin um grunnupplýsingar um vatnsveiturnar sem fara munu inn í gagnagrunn.

Átakið hefur til þessa gengið vonum framar. Upplýsingar um ástand vatnsveitna, gerð og staðsetningu þeirra m.t.t. mengandi þátta tryggir enn frekar öryggi neytenda því:

NEYSLUVATN ER MATVÆLI !



Kalsíum í vatni á Litla-Skarði





NÝ EFNI

Unnið hefur verið að öflun upplýsinga um ný efni á markaði til að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 815/1998 um ný efni. Markmið þessarar reglugerðar er að „vernda menn og umhverfi vegna hugsanlegrar hættu sem fylgir notkun nýrra efna“. Ný efni eru skv. skilgreiningu þau efni sem ekki eru á Evrópuskrá yfir markaðssett efni, EINECS (European Inventory of Existing Commercial Substances). Í henni eru öll efni sem voru á markaði í Evrópu árið 1981, alls um 100 þús. efni, og eru þau skilgreind sem „skráð efni“. Efni sem tilkynnt hafa verið í samræmi við tilskipun um ný efni fara á Evrópuskrá yfir tilkynnt efni, ELINCS (European List of Notified Chemical Substances). Þar er að finna öll efni sem tilkynnt hafa verið á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eftir 18. september 1981, alls rúmlega 3700 efni.

Upplýsingaöflun um ný efni á markaði á Íslandi hófst fljótlega eftir setningu reglugerðarinnar en viðbrögð fyrirtækja voru lítil og erfiðlega gekk að safna upplýsingum. Verkefnið var endurvakið á árinu og verklagi upplýsingaöflunarinnar breytt töluvert miðað við það sem tíðkaðist í fyrstu, til að ná fram hámarkssvörun. Að auki var komið upp aðstöðu í húsnæði Umhverfisstofnunar þar sem unnt er að geyma trúnaðarupplýsingar um efni og efnavöru á markaði. Athuguð hefur verið framleiðsla og innflutningur á efnum og vörum frá löndum utan EES sem flokkast undir ákveðna kafla í tollskránni. Alls voru skoðuð gögn varðandi 231 fyrirtæki og hluti þeirra beðinn um að senda nánari upplýsingar um vörurnar og öryggisblöð þar sem fram kemur hvaða efni þær innihalda. Við úrvinnslu gagna hafa verið notaðir erlendir gagnagrunnar og kannað hvort efnin væru tilkynnt eða notuð innan EES. Vel hefur gengið að safna þessum upplýsingum og hafa framleiðendur og innflytjendur brugðist vel við fyrirspurnum.

SÆFIEFNI

Sæfiefni er fjölbreyttur hópur efna sem innihalda virk efni sem ætlað er að eyða hættulegum lífverum, bæjja þeim frá eða gera þær skaðlausar. Efnin skiptast í fjóra aðalflokka; sóttþreinsandi efni, rotvarnarefni, útrýmingarefni og önnur sæfiefni. Aðalflokkunum er síðan skipt í alls 23 sæfiefnaflokka:

1. **Sóttþreinsandi efnum** er skipt í fimm sæfiefnaflokka. Til þeirra teljast m.a. sóttþreinsandi efni til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar og sóttþreinsandi efni til notkunar í tengslum við matvæli og fóður.
2. **Rotvarnarefnum** er skipt í átta sæfiefnaflokka. Þar má m.a. sjá viðarvarnarefni og rotvarnarefni fyrir trefjar, leður, gúmmí og fjöllíðuð efni.
3. **Útrýmingarefnum** er skipt í sex sæfiefnaflokka. Til þeirra teljast m.a. nagdýraeitur, skordýraeyðar og fæli- og löðunarefni.
4. **Önnur sæfiefni** eru fjórði aðalflokkurinn sem skiptist í fjóra sæfiefnaflokka. Þar má m.a. sjá gróðurhindrandi efni og vökva til notkunar við líksmurningu og uppstoppun.

Eins og sjá má af upptalningunni hér að framan er um að ræða efni sem hafa víðtækt notkunarsvið og sem bæði eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni og til einkanota.

Í lok árs 2004 var gefin út reglugerð nr. 1101/2004, um markaðssetningu sæfiefna. Með reglugerðinni er innleidd Evrópulöggjöf um sæfiefni og er þar með komið á heilstæðri löggjöf hér á landi um þennan fjölbreytta hóp efna. Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar er einungis heimilt að markaðssetja nýtt sæfiefni hér á landi að undangenginni leyfisveitingu. Markaðsleyfi verða veitt hjá Umhverfisstofnun en fyrst þarf að meta virkni efnanna ásamt skaðsemi þeirra, bæði hvað varðar heilsu og umhverfi. Stofnunin annast einnig gagnkvæma viðurkenningu markaðsleyfa fyrir efni sem þegar eru leyfð í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Í reglugerð um markaðssetningu sæfiefna má finna ýmis önnur ákvæði sem varða sæfiefni svo sem um flokkun, merkingar og auglýsingar þeirra. Löggjöfin um sæfiefni nær einnig til sæfiefna sem eru á markaði. Virk efni í sæfiefnum sem framleiðendur óska eftir að hafa á markaði áfram þurfa að fara



í áhættumat. Áhættumatið er samræmt á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og niðurstaða þess síðan lögð til grundvallar ákvörðunar um markaðsleyfi, þ.e. hvort, og þá með hvaða skilyrðum, efnin verða leyfð áfram. Vinna við áhættumatið hófst hjá ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu á árinu 2004 og er áætlað að henni ljúki á árinu 2010.

CAMPYLOBACTER

Umhverfisstofnun er þátttakandi í alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem kannar mikilvægu þætti er varða uppruna mengunar í kjúklingum af völdum bakteríunnar *Campylobacter* og hvaða áhrif þessi mengun hefur á heilsufar Íslendinga. *Campylobacter* er í dag helsti orsakavaldur bráðra iðrasýkinga á Íslandi og í flestum iðnvæddum löndum. Margt bendir til þess að hráar afurðir kjúklinga og annarra alifugla séu ein af helstu smitleiðum þessara baktería í menn. Þátttakendur í verkefninu eru rannsóknarstofnanir, matvælastofnanir og fyrirtæki í fjórum löndum; Bandaríkjunum, Kanada, Svíþjóð og Íslandi. Embætti yfirdýralæknis er umsjónaraðili verkefnisins á Íslandi en Umhverfisstofnun, Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, Sýkladeild Landspítala Háskólasjúkrahúss og Embætti sóttvarnarlæknis eru aðrir formlegir aðilar að rannsóknarverkefninu. Ástæða þess að Ísland varð fyrir valinu fyrir þetta verkefni er að hér er framleiðsla og sala á kjúklingum bundin við tiltölulega fáa framleiðendur og innflutningur á kjúklingaafurðum er mjög lítill. Þetta auðveldar mjög alla framkvæmd svo umfangsmikils verkefnis, tryggir rekjanleika og tölfræðileg gagnavinnsla verður mjög áreiðanleg.

Verkefnið er styrkt af rannsóknarsjóði Landbúnaðarstofnunar Bandaríkjanna (USDA) og nam heildarupphæð styrksins um 1,5 milljón dollara eða um 90 milljónum króna. Auk þess hafa allir þátttakendur í rannsóknarverkefninu lagt til fjárframlög beint og óbeint. Öll sýnatöku í verkefninu og stór hluti allra mælinga fór fram á Íslandi.

Þann 1. október 2004 lauk sýnatöku og mælingum í verkefninu sem staðið hafði yfir frá því í apríl 2001. Á þessum tíma er áætlað að rannsókuð hafi verið um 20 þúsund sýni, flest hjá Umhverfisstofnun og Tilraunastöð HÍ að Keldum. Um var að ræða mælingar á *Campylobacter* í saursýnum úr stofnfuglum og eld- isfuglum, slátursýnum úr kjúklingum, pökkuðum og ópökkuðum kjúklingum, umhverfissýnum og vatnssýnum úr kjúklingaeldi. Auk þess voru mæld saursýni úr öðrum búfénaði svo sem sauðfé, nautgripum og gæludýrum er tengjast kjúklingabúum. Stofnar af bakteríunni sem greindust í sýnunum, ásamt stofnum sem einangraðir voru á rannsóknartímabilinu úr sjúklingum (Sýkladeild Landspítala) voru sendir til Bandaríkjanna í DNA-greiningu.

Tilgangur og helstu markmið verkefnisins eru:

1. Að greina uppruna og helstu smitleiðir *Campylobacter* í eldiskjúklinga.
2. Að rannsaka mikilvægi áhættuþátta er varða mengun af mismunandi uppruna.
3. Að rannsaka faraldsfræðilegt samband milli einstakra stofna sem greinast af *Campylobacter*.
4. Að greina fyrirbyggjandi aðgerðir fyrir íslenska kjúklingaframleiðslu og hvernig það mætti nýtast við kjúklingaframleiðslu í Bandaríkjunum.

Forsenda þess að hægt sé að draga úr sýkingum í mönnum vegna neyslu mengaðra kjúklingaafurða, er að koma í veg fyrir mengun eldishópa. Nauðsynlegt er að þekkja til smitleiða og uppruna bakteríunnar og mikilvægis þeirra í sambandi við mengun eldishópa. Í þessari rannsókn var m.a. kannað hvort mengun bærast frá nánasta umhverfi eldishúsa, frá neysluvatni sem notað er í eldishúsum, frá dýrum, fuglum og skordýrum í nánd við eldishús eða frá stofnfuglum sem eiga uppruna í Svíþjóð. Stofngreiningar með DNA-greiningu munu nýtast til að rannsaka hvort faraldsfræðilegt samband sé á milli þeirra *Campylobacter* stofna, sem einangraðir hafa verið úr öllum sýnum í verkefninu, við stofna sem greinst hafa úr sjúklingum á rannsóknartímabilinu. Niðurstöðurnar munu nýtast við gerð





áhættumats fyrir *Campylobacter* í kjúklingum og við skipulagningu iðlutanði aðgerða til að draga úr mengun af völdum bakteríunnar við framleiðslu kjúklingaafurða á Íslandi og í öðrum löndum.

Nú stendur yfir úrvinnsla á niðurstöðum úr verkefninu. Stefnt er að því að kynna helstu niðurstöður á stórri alþjóðlegri vísindaráðstefnu um *Campylobacter* sem haldin verður í Ástralíu í september 2005.

ENDURNÝJAD GAGNASAFNSKERFI STYRKIR FORSKOT Í RAFRÆNUM SKILUM


Samskipti Umhverfisstofnunar við veiðimenn fer að mestu fram með rafrænum hætti um sérstakan skilavef fyrir veiðiskýrslur ásamt tölvupóstamskiptum. Á hverju ári berast tæplega 4.000 almennar fyrirspurnir í tölvupósti, sendar eru rúmlega 11.000 veiðiskýrslur í gegnum kerfið og í heild eru sendir um 35.000 tölvupóstar með upplýsingum vegna ýmissa verka um sjálfvirk gagnasafnskerfi. Án sjálfvirkni þessa kerfis væri ekki gerlegt að anna þessum fjölda fyrirspurna nema með mun fleiri starfsmönnum og tilheyrandi kostnaði. Hérlandis skila 78% skotveiðimanna veiðiskýrslum með rafrænum hætti, þetta hlutfall er það hæsta sem þekkt á Norðurlöndunum og skilur þar mikið á milli. Tilgangurinn með endurnýjun gagnasafnskerfisins á síðasta ári var að gera rafræn skil á ýmsum skýrslum og gögnum enn aðgengilegri og skilvirkari. Með þessari endurnýjun á gagnagrunnskerfinu opnuðust enn fremur möguleikar á fjölbærri gagnavinnslu með móttöku upplýsinga vegna annarrar starfsemi hjá Umhverfisstofnun.

Meðal verka sem þetta gagnasafnskerfi heldur utan um má nefna; upplýsingar um alla veiðimenn hérlandis - réttindi þeirra og stöðu gagnvart endurnýjun veiðikorta, veiðiskýrslur allra veiðimanna frá árinu 1995, allar skýrslur frá minka- og refaveiðimönnum, endurgreiðslur til sveitafélaga vegna minka- og refaveiða, skráningar umsækjenda á skotvopna- og veiðikortanámskeið, öll tölvupóstssamskipti - flokkun þeirra og tíðni, úthlutun og úrdrátt hreindýraveiðileyfa, skráningar á leiðsögumönnum með hreindýraveiðum, utanumhald fyrir arðgreiðslur vegna hreindýraveiða, skoðanakannanir og tímaskráningu starfsmanna svo eitthvað sé nefnt.

Með endurnýjun þess gagnakerfis sem notað er fyrir skilavef veiðiskýrslna var enn fremur verið að endurnýja það kerfi sem heldur utan um rafræn samskipti í tölvupósti og umsjón hluta gagnasafna Umhverfisstofnunar. Meðal gagnasafna sem verið er að setja upp og koma til með að nýtast, má nefna myndasafnskerfi, gagnasafn fyrir alþjóðasamninga, símaskrá og utanumhald ferðareikninga starfsmanna. Gert er ráð fyrir að þessi gagnasöfn verði komin í gagnið á árinu 2005. Með samningi sem gerður var við Ríkislögreglustjóra í upphafi árs tók Umhverfisstofnun við umsjón allra skotvopnánámskeiða á landinu. Haldið er utan um allar skráningar á námskeiðin með þessu gagnaskráningarkerfi sem jafnframt er varpað út á vefinn til þess að lögregluumdæmin geti samþykkt þátttakendur jafnóðum og þeir eru skráðir. Skipulag og framkvæmd námskeiðanna auðveldast til muna við það að geta varpað skráningum út á vefinn fyrir lögreglustöðvar með þessum hætti. Jafnframt eru einkunnir umsækjenda á námskeiðunum aðgengilegar á vefnum fyrir lögregluumdæmin svo hægt sé að gefa út skotvopnalefyfi fyrir viðkomandi.

Á liðandi ári hefur komið í ljós að gagnaskráningarkerfið er hagkvæmt og notadrjúgt sem birtist ekki síst í því að hægt er að halda utan um viðamikla starfsemi með fáum starfsmönnum.

Próun rafrænna skila á veiðiskýrslum



Meðfylgjandi línurit sýnir hvernig rafræn skil hafa tekið við af pappírsskilum.

EFTIRLIT MEÐ VARNAREFNUM

Varnarefni eru efni sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju við ræktun nytja- og skrautjurta. Þau eru notuð til að hefta vöxt, varna sýkingum eða skemmdum í gróðri eða til þess að stýra vexti plantna. Til varnarefna teljast plöntulyf, illgresiseyðar og stýriefni.

1. **Plöntulyf** eru ætluð til varnar gegn sjúkdómum eða skemmdum í lifandi plöntum eða plöntuhlutum af völdum örvera, skordýra, lindýra eða annarra smádyra. Sem dæmi um plöntulyf má nefna skordýraeyða og sveppulyf.
2. **Illgresiseyðum** er ætlað að deyða plöntur, draga úr vexti þeirra eða hefta hann.
3. **Stýriefni** eru ætluð til þess að stýra vexti plantna eða hluta þeirra eða til að draga úr öndun og spírun uppskorinna plantna eða plöntuhluta.

Varnarefni eru flokkuð í fjóra hættuflokka, X, A, B og C. Hættulegustu efnin eru í X hættuflokki en þau hættuminnstu í C hættuflokki. Sérstakt eitufnaleyfi þarf til þess að kaupa og nota varnarefni í hættuflokkum X og A og einnig þarf sérstakt leyfi til þess að selja varnarefni í hættuflokkum X, A og B.

Óheimilt er að markaðssetja varnarefni hér á landi nema að undangenginni skráningu til þeirra nota hjá umhverfisráðuneytinu. Í lok árs 2004 voru u.þ.b. 70 varnarefni á skrá hér á landi.

Eftirlit með varnarefnum í ávöxtum og grænmeti á íslenskum markaði

Hjá Umhverfisstofnun er skimað fyrir um 40 varnarefnum, þar af 24 skordýraeyðum, 15 sveppulyfjum og einum illgresiseyði.

Áætlun um sýnatöku er gerð árlega. Við gerð hennar er stuðst við tölur um framleiðslu og innflutning á grænmeti og reynslu annarra þjóða af eftirliti með varnarefnum. Einnig er höfð til hliðsjónar áhersla Evrópusambandsins á greiningu varnarefna í tilteknum vörum. Auk þessa hefur síðastliðin ár verið lögð áhersla á sýnatöku af ákveðnum matvælum. Árið 2004 var gerð úttekt á kornvörum, tei, kaffi og barnamat.


Fari magn varnarefna yfir aðgerðamörk, sem er hámarksgildi að viðbættri óvissu í sýnatöku og mælingu, er gripið til aðgerða. Dreifing vöru er stöðvuð og ef tilefni er til er vara innkölluð. Tekin eru ný sýni, nema dreifingaraðili kjósi að farga henni þegar í stað. Sýni niðurstöður mælinga enn gildi yfir aðgerðamörkum er dreifing bönnuð og fylgst er með næstu tveimur vörusendingum frá sama framleiðanda. Þær sendingar fá ekki að fara í dreifingu fyrr en niðurstöður rannsókna liggja fyrir.


Árið 2004 voru rannsökuð 315 sýni. Þar af voru 270 sýni af ávöxtum og grænmeti, 11 sýni af barnamat, 15 sýni af tei, 4 sýni af kaffi og 15 sýni af kornvörum. Í grænmeti og ávöxtum greindust varnarefnaleyfar í 139 sýnum en í 131 sýni greindust engin varnarefni. Í 13 sýnum af ávöxtum og grænmeti mældust efni yfir leyfilegum hámarksgildum en af þeim voru fjögur yfir aðgerðamörkum. Í barnamat greindust varnarefnaleyfar í tveimur sýnum, en bæði sýnin voru innan hámarksgilda. Í korni mældust engin varnarefni. Varnarefni greindust í tveimur sýnum af tei, en engin í kaffi.

Tilkynningar um aðskotaefni í matvælum berast Umhverfisstofnun í gegnum Evrópska viðvörðunarkerfið um hættuleg matvæli á markaði, RASFF (Rapid Alert System for Food and Feed). Árið 2004 bárust 48 tilkynningar um varnarefni yfir aðgerðamörkum í grænmeti og ávöxtum í gegnum RASFF viðvörðunarkerfið. Ekkert af þessum matvælum var á markaði hérlandis.



Hlutfall sýna af ávöxtum og grænmeti yfir hámarksgildum 2000-2004





ÚTSTREYMISBÓKHULD

Ísland fullgilti loftslagssamning SP árið 1993 og Kyoto-bókunina við þann samning árið 2002. Loftslagssamningurinn kveður á um að aðildarríki skuli halda útstremisbókhald. Megintilgangur bókhaldsins er að fylgjast með útstreymi gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, en einnig er það mikilvægt tæki þegar kemur að mótun stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Bókhaldið er mjög umfangsmikið og nær yfir alla helstu starfsemi og athafnir í landinu, frá metangerjun í þörmum húsdýra til eldsneytisbrennslu fiskiskipaflotans og allt þar á milli, s.s. samgöngur og iðnað sem og notkun leysiefna, kælimiðla og áburðar samanber meðfylgjandi skifurit.

Útstremisbókhald þarf að vera ítarlegt og samanburðarhæft milli aðildarríkja. Til þess að aðstoða ríkin við að uppfylla þessar kröfur hefur milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar (IPCC: Intergovernmental Panel on Climate Change) gefið út viðmiðunarreglur fyrir útreikningana. Einnig eru starfandi á vegum loftslagssamningsins úttektarnefndir, en hlutverk þeirra er að fara yfir bókhald aðildarríkjana til þess að samræma bókhaldið milli landa.

Umhverfisstofnun metur árlega útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og skilar til skrifstofu loftslagssamningsins. Skil fela annars vegar í sér töflur með tölulegum upplýsingum og hins vegar skýrslu með helstu niðurstöðum og lýsingu á þeirri aðferðafræði sem notuð er við gerð bókhaldsins (nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu stofnunarinnar).


Árið 2004 var ráðist í miklar endurbætur á útstremisbókhaldi Íslands og leiddi það til töluverðrar hækkunar mats á heildarútstreymi frá landinu. Helstu breytingarnar voru gerðar á útreikningum á útstreymi metans og díkõfnar-efnisoxíðs frá landbúnaði, en einnig var aðferðafræði varðandi mat á PFC frá áliðnaði breytt, sem og aðferðafræði varðandi mat á útstreymi metans frá urðunarstöðum. Þessar breytingar urðu til þess að mat á heildarútstreymi á Íslandi hækkaði að meðaltali um 16% á ári frá 1990 til 2002.

Í september 2004 kom til landsins 5 manna sendinefnd á vegum skrifstofu loftslagssamningsins til að taka út útstremisbókhald Íslands. Síndi sú úttekt að bókhald yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er á réttri leið.

Skýrsla úttektarnefndarinnar er aðgengileg á vef loftslagssamningsins. Skuldbinding ríkustu þjóða heims vegna losunar gróðurhúsalofttegunda koma fram í viðauka II við Kyoto-bókunina.

Bókhald um útstreymi og bindingu gróðurhúsalofttegunda er ferli stöðugrar endurskoðunar og mun væntanlega koma til með taka breytingum áfram, eftir því sem betri gögn fást og þekking eykst, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi.

Losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa í ríkjum sem talin eru upp í viðauka II við Kyoto-bókunina




SJÁLFBODALIÐASTARF

Í yfir 20 ár hafa innlendir og erlendir sjálfbodaliðar unnið að vernd náttúru- og menningarmínja hér á landi yfir sumarmánuðina á vegum Umhverfisstofnunar og fyrirrennara hennar. Náið samstarf BTCV (British Trust for Conservation Volunteers) og Umhverfisstofnunar leiddi til stofnunar Íslandsdeildar BTCV árið 2000. Vanda verður sérstaklega til verka á verndarsvæðum svo framkvæmdir falli vel að umhverfinu. Frá upphafi hefur starfsemi BTCV á Íslandi lagt megináherslu á viðgerðir og endurbætur á stigakerfi í þjóðgördum og öðrum friðlýstum svæðum. Strax var lögð áhersla á samstarf og uppbyggingu innlendra samtaka og leiddi það til þess að íslensk samtök, „Sjálfbodaliðasamtök um náttúruvernd“ voru stofnuð að breskri fyrirmynd árið 1986. Í dag er megináhersla á samstarf við önnur samtök og stofnanir í tengslum við aukna áherslu á þjálfun og verktækni. Mikil gróska er í sjálfbodaliðastarfi sem skipulagt er hjá Umhverfisstofnun. Auk sjálfbodaliða á vegum BTCV kemur til landsins fjöldinn allur af erlendum sjálfbodaliðum í tengslum við skipulagt sjálfbodaliðastarf stofnunarinnar. Hluti af starfseminni hjá Umhverfisstofnun felst í formi fyrirlestra og kynninga á námskeiðum.


Fyrstu árin sem sjálfbodaliðar komu til Íslands komu aðeins tveir hópar árlega og starfaði annar hópurinn í Skaftafelli og hinn í Jökulsárgljúfrum. Í dag koma til landsins margir hópar sjálfbodaliða og er þeim skipt eftir verkefnum, þ.e. í almennan hóp og átakshóp. Í almennum hópum eru allt að 10 sjálfbodaliðar sem starfa undir forystu hópstjóra og dvelja í vinnubúðum á viðkomandi verndarsvæði í tvær vikur. Hópur sjálfbodaliða sem hér starfar allt sumarið, eða í 14 vikur, vinna sem hópstjórar með almennum hópum og einnig við sérstök átaksverkefni. Átakshópurinn hefur m.a. starfað við nýlagningu stíga, brúargerð og grafið upp forna brunna svo eitthvað sé nefnt, en frá árinu 2003 hefur sérstakt „stigagengi“ starfað í þjóðgördunum.

Árið 2004 var unnið í Skaftafelli, á Snæfellsnesi, að Fjallabaki, í Mývatnssveit, í Jökulsárgljúfrum, við Öskju í Ódáðahrauni og í Lakagígum, á Hólum í Hjaltadal og í Þórsmörk eins og sést á meðfylgjandi skífuriti. Unnið var að margvíslegum verkefnum, þar á meðal stigagerð, stikun leiða, ræktunarmálum, lúpinuslátt og minjavernd en auk þess aðstoðuðu sjálfbodaliðar landverði við ýmis verkefni, svo sem uppsetningu á skiltum og við að fjarlægja girðingar. Á síðast ári skiluðu sjálfbodaliðar í framangreindum verkum 280 vinnuvikum.


Verkefni sjálfbodaliða sumarið 2004



Vinnusvæði sjálfbodaliða sumarið 2004



Sjálfbodaliðastarf (Umhverfisstofnun / BTCV)



SNÆFELLSJÖKULL

„Þar sem jökullinn ber við loft hættir landið að vera jarðneskt.....“

Heimsljós HKL.



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 2001 og er yngstur þjóðgarða landsins. Hann er yst á Snæfellsnesi og þekur um 170 ferkílómetra. Hann er eini þjóðgarðurinn sem nær til sjávar og þótti mörgum kominn tími til að vernda strönd og sjó. Íslendingar hafa lifað í nánu sambýli við hafið frá landnámi og meðfram ströndinni má víða sjá minjar um verstöðvar fyrri tíma. Útgerðin var árstíðabundin og því breytilegt hversu margir bjuggu undir Jökli. Stutt var á fengsæl fiskimið og verstöðvar voru þar sem þeim varð við komið. Þjóðgarðurinn hentar vel til skoðunar á ævintýraheimi hafsins, fjöru og strandar, sjávarfugla og lífríki sjávar og lands. Staðurinn er líka áhugaverður vegna jarðfræði, sérstaklega eldfjallafræði. Aðstæður til fuglaskoðunar eru góðar og fuglalíf fjölbreytt frá fjöru til fjalls. Snæfellsjökull, djásn Snæfellsness, er fagurlega löguð megineldstöð, 1146 m há og krýnd jökulhettu að ofan. Snæfellsjökull hefur oft verið kallaður konungur íslenskra fjalla og var lengi talinn hæsta fjall landsins. Eftir því sem best er vitað klifu Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson tindinn fyrstir manna, árið 1754.

Fjallið er virk eldkeila sem hefur hlaðist upp í mörgum hraun- og sprengigosum á síðustu 800 þúsund árum. Toppgígurinn er um 200 metra djúpur, fullur af ís og girtur íshörmrum. Hæstu hlutar hans eru þrjár þúfur á barmi gígskálarinnar, kallaðar Jökulþúfur. Hlíðar jökulsins eru einkar fallegar og víða fléttast hraunið í reipum niður hlíðarnar.

Jökullinn er frægur fyrir þá miklu krafta sem sumir þykjast merkja að streymi frá honum. Hann er sagður vera ein af sjö aðalorkustöðvum veraldar. Engin tjaldsvæði eru innan þjóðgarðsins en beggja vegna hans er að finna fjölda tjaldstæða, gistihús og hótél. Upplýsingamiðstöð þjóðgarðsins er í pósthúsinu á Hellissandi. Á Hellnum er gestastofa þar sem fræðast má um einkenni og sögu náttúru og mannlífs undir Jökli.

NÝ LÖG UM VARNIR GEGN MENGUN SJÁVAR OG STRANDA

Sagan kennir að helstu áfangar í vörnum gegn mengun sjávar komi í kjölfarið á stærri mengunaróhöppum. Á þeim stundum koma í ljós gallar í viðbragðskerfum og lagagrunnum ríkja, auk þess sem vitund og áherslur almennings og stjórnvalda beinast að málaflöknum. Slyss við strendur Evrópu á síðustu árum hafa umbylt viðhorfum og áherslum Evrópuríkja hvað varðar viðbrögð við bráðamengun, öryggi skipa og eftirlit með þeim. Strand Vikartinds í marsmánuði 1997 var slíkur atburður í íslenski sögu.

Í framhaldi af strandi Vikartinds var hafist handa við endurskoðun á lagaumhverfi og skipulagi viðbragða við bráðamengun sjávar. Þeirri vinnu lauk árið 2004 þegar Alþingi samþykkti ný lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.

Auk þess að bæta úr atriðum sem lúta að viðbrögðum við bráðamengun er í hinum nýju lögum ákvæði til samræmis við alþjóðlega þróun í málaflöknum, þar sem fjöldi nýrra alþjóðlegra samninga hafa verið samþykktir og margir eldri samningar verið endurskoðaðir. Hér er um að ræða meginlagaramma um allt það sem lýtur að mengunarvörnum sjávar, jafnt ofan af landi sem frá skipum á sjó.

Í tengslum við gildistöku laga nr. 33/2004 og í samræmi við þróun á alþjóðavettvangi hefur Umhverfisstofnun hafið gagngera endurskoðun reglugerða á sviði varna gegn mengun hafs og stranda. Þegar á árinu 2004 gaf umhverfisráðherra út þrjár reglugerðir um málaflökinn og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2005. Einnig hefur stofnunin staðið að kynningarátaki um málefni hafsins. Hér má nefna að samhliða gildistöku laganna þann 1. október 2004 voru opnaðar nýjar vefsíður Umhverfisstofnunar um málefni hafs og stranda, gefið út fjórða heftið í ritröðinni Upplýsingar og staðreyndir um málefni hafsins, haldnir málfundir og fyrirlestrar auk greinaskrifa í blöð og tímarit.



SAMSTARF UMHVERFISSTOFNUNAR OG HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐANNA

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd laga og reglugerða er varða efnavörur, hollustuhætti, matvæli og mengunarvarnir fyrirtækja. Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits á landinu ásamt vöktun og rannsóknum á þessum sviðum. Stofnunin starfrækir rannsóknarstofu sem veitir heilbrigðiseftirlitssvæðum mæliþjónustu í tengslum við eftirlit og eftirlitsverkefni.

Á Íslandi eru 10 heilbrigðiseftirlitssvæði (HES) sem hvert starfar undir stjórn heilbrigðisnefndar. Samstarf við heilbrigðiseftirlit felst í virku samráði við heilbrigðisfulltrúa og í útgáfu leiðbeiningarita og samræmdra viðmiða.

Árlega heldur Umhverfisstofnun samráðs- og fræðslufundi með heilbrigðisfulltrúum, einnig starfa nokkrir vinnuhópar um sértæk verkefni. Þar má nefna vinnuhóp um efnavörur, sem staðið hefur fyrir átaksverkefnum varðandi efnavörur og stöð fyrir tveimur námskeiðum um flokkun og merkingu hættulegra efna, vinnuhóp um hollustuhætti sem vinnur að leiðbeiningum og samræmingu reglna um hollustuhætti. Einnig starfar vinnuhópar um samræmingu starfsleyfisskilyrða og annar hópar um vöktun loftgæða í Reykjavík.

Samræmd starfsleyfisskilyrði

Vinnu við samræmingu starfsleyfisskilyrða miðar vel áfram. Samræmd starfsleyfisskilyrði eru leiðbeinandi fyrir heilbrigðiseftirlit og eru sameiginlegur grunnur allra við útgáfu starfsleyfa. Starfsleyfisskilyrði ná yfir vítt svið í atvinnuvegum landsins, en þeim er skipt upp í skilyrði samkvæmt hollustuhátta-reglugerð annarsvegar og samkvæmt reglugerðum um mengunarvarnir hinsvegar. Á árinu 2004 voru gefin út 30 samræmd starfsleyfisskilyrði, þ.m.t. fyrir námur, mjólkurvinnslur, samkomuhús, leikskóla, skóla og tjaldsvæði. Heildarlista má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Með starfsleyfisskilyrðum fylgir greinargerð sem inniheldur nánari upplýsingar um ákvæðin og nýttist sem frekari leiðbeining fyrir leyfisveitanda og leyfisshafa.

Eftirlitsverkefni

Undanfarin tvö ár hafa Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga staðið í sameiningu að sérstökum eftirlitsverkefnum varðandi matvæli. Á árinu 2004 unnu þessir aðilar 10 eftirlitsverkefni þar sem gerð var úttekt á örveruástandi matvæla, merkingum á kryddblöndum í framleiðslufyrirtækjum, merkingum á ungbarnamat og hreinlæti í stóreldhúsum. Niðurstöður eftirlitsverkefnanna má sjá í skýrslum fyrir hvert og eitt þeirra sem birtar eru á vef Umhverfisstofnunar. Upplýsingar sem lesa má úr niðurstöðum verkefnanna geta sýnt að einhverju sé ábótavant innan veggja matvælafyrirtækja, sem e.t.v. hefði ekki verið tekið á að öðrum kosti. Má þar nefna merkingar á barnamat, hátt magn nitrats í saltkjöti og Listeria í áleggi. Með þessum hætti verður matvælaeftirlitið sýnilegra og gegnsærra og eftir því sem eftirlitsverkefnum fjölga gera þau eftirlitsaðilum kleift að sjá hvar veikir hlekkir eru í matvælakeðjunni. Aukið gagnsæi er aðeins til þess fallið að auka traust á matvælafyrirtækjum og eftirlitsaðilum, ekki síst þegar hægt er að sjá að ástand matvæla á íslenskum markaði er í langflestum tilvikum gott.

Framkvæmd innflutningseftirlits út frá RASFF

Umhverfisstofnun er tengiliður Íslands við RASFF-viðvörðunarkerfið (Rapid Alert System for Food and Feed) um hættuleg matvæli og fóður á markaði. Á árinu tengdust 10 ný lönd við kerfið. Tilkynningum fjölgaði um rúmlega 20% milli árána 2003 og 2004. Heildarfjöldi tilkynninga var 5365, þar af voru 2588 áriðandi tilkynningar (alert) og tilkynningar til upplýsinga (information) auk 2777 viðbótartilkynninga (follow-up). Ísland sendi tvær áriðandi tilkynningar í gegnum RASFF á árinu og send var ein viðbótartilkynning um pistasíuhnetur sem heilbrigðiseftirlitið tók af markaði vegna aflatoksins.



VIÐAUKAR

STARFSMENN UMHVÆFISSTOFNUNAR

Eftirtaldir starfsmenn unnu hjá stofnuninni í árslok 2004.

FORSTJÓRI

Davíð Egilson

FJÁRHAGS- OG REKSTRARSVIÐ

Pórey I. Guðmundsdóttir, forstöðumaður

Dagmar Gunnarsdóttir
Hrefna Guðmundsdóttir
Inga G. Aradóttir

Kristbjörg Bjarnadóttir
Kristinn G. Guðnason
Kristín Aðalsteinsdóttir
Kristín J. Ágústsdóttir
Kristín Á. Björnsdóttir
Kristín Magnadóttir
Magnea I. Kristinsdóttir
Svanhvít Bragadóttir
Pórey J. Pétursdóttir
Þórunn E. Karlsdóttir
Þróstur Á. Gunnarsson

FRAMKVÆMDA- OG EFTIRLITSSVIÐ

Helgi Jensson, forstöðumaður
Albert S. Sigurðsson
Birna S. Hallsdóttir
Björn Stefánsson
Brynja Jóhannsdóttir
Cornelis A. Meyles
Egill Þ. Einarsson
Eyjólfur Magnússon
Gunnar St. Jónsson
Niels Br. Jónsson
Ólafur A. Jónsson
Rob P.M. Kamsma
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður B. Finnsson
Sigurrós Friðriksdóttir
Stefán Einarsson

MATVÆLASVIÐ

Elín Guðmundsdóttir, forstöðumaður
Baldvin Valgarðsson
Grímur Ólafsson
Herdís Guðjónsdóttir
Ingólfur Gissurarson
Jóhanna E. Torfadóttir
Jónína Þ. Stefánsdóttir
Sesselja M. Sveinsdóttir
Steinar B. Aðalbjörnsson

NÁTTÚRUVERNDAR- OG ÚTIVISTARSVIÐ

Árni Bragason, forstöðumaður
Charles J. Goemans
Glóey Finnsdóttir
Guðbjörg Gunnarsdóttir
Guðríður Þorvarðardóttir
Kári Kristjánsson
Margrét Valdimarsdóttir
María Harðardóttir
Njörður Jónsson
Ragnar F. Kristjánsson
Sigrþóður S. Jóhannsdóttir
Stefán Benediktsson
Stella Hrönn Jóhannsdóttir
Trausti Baldursson

RANNSÓKNARSTOFA

Franklín Georgsson, framkvæmdastjóri
Aðalheiður S. Steingrímsdóttir
Anna B. Mikaelsdóttir
Anna P. Vignisdóttir
Ásthildur Sigurjónsdóttir
Camilla Eyvindsdóttir
Guðrún R. Pálsdóttir
Helgi Sigurjónsson
Héðinn Friðjónsson
Hrólfur Sigurðsson

Margrét Geirsdóttir
Sólveig D. Jónsdóttir
Þóra B. Róbertsdóttir

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Sigurbjörg Gísladóttir, forstöðumaður
Elín G. Guðmundsdóttir
Gunnlaug H. Einarsson
Haukur R. Magnússon
Heiðrún Guðmundsdóttir
Karl F. Karlsson
Kristján Geirsson
Sigríður H. Jansen
Sigríður Kristjánsdóttir
Þór Tómasson
Össur Kristinsson

VEIÐISTJÓRNUNARSVIÐ

Áki Á. Jónsson, forstöðumaður
Bjarni Pálsson
Edda Rögnvaldsdóttir
Einar Guðmann Gíslason
Karen E. Erlingsdóttir

VERKEFNI ÓBUNDIN SVIÐUM

Ólafur Pétursson
Sigurður Ö. Guðleifsson



RITSTÖRF

Eftirfarandi greinar birtust eftir starfsmenn stofnunarinnar í blöðum og tímaritum:

Akstur utan vega
(Hrefna Guðmundsdóttir)

Dagur ósonlagsins 2004
(Heiðrún Guðmundsdóttir)

Dýrahald og önnur starfsemi tengd dýrahaldi er leyfissskyld
(Heiðrún Guðmundsdóttir)

Innihaldslýsingar fyrir fólk með fæðuofnæmi og fæðuóþol
(Jóhanna E. Torfadóttir)

Íslenskir þjóðgarðar
(Hrefna Guðmundsdóttir)

Matur og meðganga
(Jóhanna E. Torfadóttir)

Mengun hafs og stranda
(Kristján Geirsson)

Náttúruverndaráætlun - markviss verndun íslenskrar náttúru
(Hrefna Guðmundsdóttir)

Satt og logið um heilsuvörur
(Steinar B. Aðalbjörnsson)

Snúum þeim villtu til betri vegar
(Davið Egilson)

Stefnumótun Norðurskautsráðsins í málefnum hafsins
(Hrefna Guðmundsdóttir)

Svanurinn boðar betra umhverfi - við eigum valið
(Hrefna Guðmundsdóttir)

Um leyfisveitingar fyrir hestaleigur og reiðskóla
(Heiðrún Guðmundsdóttir)

Útivist á friðlýstum svæðum
(Trausti Baldursson)

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
(Guðbjörg Gunnarsdóttir)

FYRIRLESTRAR

Fyrirlestrarröð stofnunarinnar:

Akstur utan vega
(Sigurður Ö. Guðleifsson og Ólafur Árnas.)

Aukefni
(Ingólfur Gissurarson)

Ábyrgð matvælafyrirtækja - persónulegt hreinlæti starfsfólks
(Baldvin Valgarðsson)

Bætiefni og fæðubótarefni
(Steinar B. Aðalbjörnsson)

Erfðabreytt matvæli
(Jónína Þ. Stefánsdóttir)

Gildi persónulegs hreinlætis í matvælafyrirtækjum
(Anna P. Vignisdóttir)

Heimilið, billinn og heimurinn allur
(Sigrún Guðmundsdóttir og Birna S. Hallsdóttir)

Landsáætlun úrgangsmála
(Cornelis A. Meyles)

Landupplýsingar fyrir alla
(Albert S. Sigurðsson)

Mataræði á meðgöngu
(Jóhanna E. Torfadóttir)

Mengun hafs og stranda
(Kristján Geirsson)

Neysla aukefna og ofnæmi og óþol tengd neyslu aukefna
(Jóhanna E. Torfadóttir)

Samsetning og öryggi skólamáltíða
(Grímur Ólafsson)

Umbúðir utan um matvæli
(Baldvin Valgarðsson)

Væntanlegar reglur um fæðubótarefni
(Steinar B. Aðalbjörnsson)

AÐRIR FYRIRLESTRAR

Akstur utan vega
(Árni Bragason)

Áherslur í reglugerð um kælimiðla
(Heiðrún Guðmundsdóttir)

Dýraverndarlögin og aðkoma Umhverfisstofnunar að dýraverndarmálum á Íslandi
(Heiðrún Guðmundsdóttir)

Ferðaþjónusta og náttúruvernd
(Árni Bragason)

Framkvæmdaáætlun
(Kristján Geirsson)

Friðlýst svæði og verndaráætlanir
(Guðríður Þorvarðardóttir)

Fæðubótarefni og ný reglugerð
(Steinar B. Aðalbjörnsson)

Gagnasöfnun og úrvinnsla
(Árni Bragason)

Hlutverk Umhverfisstofnunar á sviði dýraverndar
(Karl F. Karlsson)

Kynning á landupplýsingakerfi Umhverfisstofnunar
(Albert S. Sigurðsson)

Kynning á snyrtivöru reglugerð
(Össur Kristinsson)

Kynning á Umhverfisstofnun sem og fróðleikur um áhrif mataræðis á heilsu m.a. með tillit til fæðubótarefna
(Jóhanna E. Torfadóttir)

Landvarsla
(Guðríður Þorvarðardóttir)

Landvarsla
(Trausti Baldursson)

Loftgæði
(Sigurður B. Finnsson)

Lög og reglur um framleiðslu og sölu matvæla
(Elín Guðmundsdóttir)

Meindýravnir í matvælafyrirtækjum
(Karl F. Karlsson)

Meindýravnir og leyfisveitingar
(Sigurbjörg Gísladóttir)

Mengun hafs og stranda
(Kristján Geirsson)

Mengun og losun gróðurhúsalofttegunda vegna eldsneytisbrennslu (Birna S. Hallsdóttir)

Náttúruvernd (Trausti Baldursson)

Náttúruvernd og friðlýst svæði (Trausti Baldursson)

Náttúruvernd og Skógrækt (Trausti Baldursson)

Náttúruverndaráætlun (María Harðardóttir)

Náttúruverndaráætlun, tillögur um friðlýsingar á Álfanesi og í Skerjafirði (María Harðardóttir)

Náttúruverndaráætlun, tillögur um friðlýsingu Látrabjargs og Rauðasands (María Harðardóttir)

Nóróveirur og neysluvatn – smitleiðir, áhrif umhverfisþátta, varnaraðgerðir, mælingar og eftirlit (Franklín Georgsson)

Orka og auðlindir (Kristján Geirsson)

Rannsóknir á nóróveirum (Anna P. Vignisdóttir)

Reglugerð um kjöt og kjötvörur (Sesselja M. Sveinsdóttir)

Reglugerðir um leysiefni í málningu og lakki (Haukur R. Magnússon)

Reglur um upprunamerkingar á kjöti (Sesselja M. Sveinsdóttir)

Reglur í þjóðgarðinum (Guðbjörg Gunnarsdóttir)

Skipulagsmál og lög um náttúruvernd (Sigurrós Friðriksdóttir)

Skotveiðar og ferðaþjónusta (Áki Á. Jónsson)

Stígagerð (Charles J. Goemans)

Svanurinn (Sigrún Guðmundsdóttir)

Svæðisáætlunargerð (Cornelis A. Meyles)

Um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Um ósonlagið, lög og reglugerðir (Heiðrún Guðmundsdóttir)

Vatnajökulspjóðgarður (Árni Bragason)

Vákort (Kristján Geirsson)

Vákort, eftirlit og viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda (Kristján Geirsson)

Veiðikortakerfið og veiðitölur: fortíð, nútíð og framtíð (Áki Á. Jónsson)

Verndarsvæði Breiðafjarðar og önnur verndarsvæði í hafi (Guðríður Þorvarðardóttir)

Verndarsvæði Breiðafjarðar og WH svæði á Íslandi (Guðríður Þorvarðardóttir)

Verndun Ramsarsvæða á Íslandi (Árni Bragason)

Viðhorf notenda eldsneytisspár (Birna S. Hallsdóttir)

Vistfræði „varga“ (Áki Á. Jónsson)

Væntanlegar reglur um fæðubótarefni (Steinar B. Aðalbjörnsson)

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull (Guðbjörg Gunnarsdóttir)

Öryggisvísir (Brynja Jóhannsdóttir)

NÁMSKEIÐ UMHVERFISSTOFNUNAR SEM STARFSMENN STOFNUNARINNAR HÉLDU FYRIRLESTRA Á:

Landvarðanámsskeið

Meindýravarnarnámsskeið

Námsskeið um efnavörumerkingar

Námsskeið um endurskoðun á grænu bókhaldi

Námsskeið um réttindi heilbrigðisfulltrúa

Skotvopnanámsskeið

Veiðikortanámsskeið

Hvernig meta á og gefa upp mælióvissu við efnifræðilegar mælingar

Umhverfisstofnun í samvinnu við norrænu og íslensku matvælarannsóknaneftirina Jarðhitaskólinn – námskeið

FUNDIR UMHVERFISSTOFNUNAR SEM STARFSMENN STOFNUNARINNAR HÉLDU FYRIRLESTRA Á:

Ársfundur Umhverfisstofnunar

Fundur Umhverfisstofnunar

og náttúruverndarnefnda

Hautfundur Umhverfisstofnunar

og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Vorfundur Umhverfisstofnunar

og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Auk þess fluttu starfsmenn stofnunarinnar fyrirlestur á fundum erlendis og á norrænum fundum innanlands og utan.

VEGGSPJÖLD:

- Endurútgáfa á veggspjaldi Takið eftir merkjunum
- Hafráðstefna – 5 veggspjöld
- Hreint haf – Auðlind Íslands
- Framkvæmdaáætlun um varni gegn mengun sjávar frá landi
- Sustainable development of food safety – New bearings in the Nordic council session

ÚTGEFIÐ EFNÍ:

Skýrslur, bæklingar og upplýsingablöð sem Umhverfisstofnun gaf út á árinu 2004

- UST-2004:01 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins 2003: Örveruástand heitra og kaldra rétta á hlaðborðum í desember 2003 Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:02 Samantekt eftirlitsáætlana Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrir matvælaeftirlit árið 2004 Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:03 Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir, 2. útg. Prentuð útgáfa
- UST-2004:04 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, 2003: samantekt Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:05 Umhverfisstofnun – stefnumörkun 2004-2010 Rafræn útgáfa á heimasíðu

- UST-2004:06 Icelandic monitoring on intake of sweeteners in beverages
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:07 Umbúðir matvæla
Prentuð útgáfa
- UST-2004:08 Veiðidagbók 2004 (9. árgangur)
Prentuð útgáfa
- UST-2004:09 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, 2004: Þorramatur 2004
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:10 Ársskýrsla 2003
Prentuð útgáfa
- UST-2004:11 Umhverfisvísar
Prentuð útgáfa
- UST-2004:12 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, 2004: Könnun á merkingum umbúða um barnamat
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:13 Mælingar á salti, nitríti og nitrati í kjöti í febrúar -mars 2004
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:14 Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs
Prentuð útgáfa
- UST-2004:15 Þróun í meðhöndlun úrgangs frá 1970-2003
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:16 Skotvopn og skotfæri
Prentuð útgáfa
- UST-2004:17 Strýturnar í Eyjafirði: náttúruvætti: verndaráætlun
Prentuð útgáfa
- UST-2004:18 Þjóðgarðurinn Skaftafell (bæklingur á íslensku, ensku, þýsku og frönsku)
Prentuð útgáfa
- UST-2004:19 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, 2004: Könnun á örveruástandi áleggs apríl-maí 2004
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:20 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull (bæklingur á íslensku, ensku, þýsku og frönsku)
Prentuð útgáfa
- UST-2004:21 Sigríðarstofa (bæklingur á ensku, dönsku, frönsku og þýsku)
Prentuð útgáfa
- UST-2004:22 Lönsóræfi - útgáfu frestað
- UST-2004:23 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Örveruástand kjúklinga maí-júní 2004
Rafræn útgáfa á heimasíðu



- UST-2004:24 Eftirlit með varnarefnum í matvælum 2003
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:25 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Örveruástand íss 2004
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:26 Report : Report concerning Art. 10 of the EU's nitrate directive 2004
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:27 Caffeine consumption in Iceland in 2002
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:28 Námsefni fyrir verðandi veiðimenn: námsefni fyrir umsækjendur um veiðikort
Prentuð útgáfa
- UST-2004:29 Verndarsvæði í Skútustaðhreppi
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:30 Náttúruverndarsvæði: ástand og framkvæmdir: skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfisráðherra
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:31 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Örveruástand kjúklingakjöts ágúst - október 2004
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:32 Handbók um aðgerðaráætlanir og flokkun vatns
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:33 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Örverufræðilegt ástand krydds og merkingar aukefna á kryddblöndum hjá framleiðslufyrirtækjum/stórnöndum í september-nóvember 2004
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:34 Eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga: Örveruástand á samloku- og salatbörum í nóvember-desember 2004
Rafræn útgáfa á heimasíðu
- UST-2004:35 Report : Report to the EFTA Surveillance Authority regarding the implementation of Directive 91/271/EU on the treatment of wastewater from built-up areas
Rafræn útgáfa á heimasíðu

ÓNÚMERAÐAR ÚTGÁFUR OG SAMVINNUÚTGÁFUR

Have a safe journey ... Kommen Sie ...
Passez un bon ... (bæklingur)
Útgefendur Vegagerðin, Umferðarstofa, ICE-SAR og Umhverfisstofnun.

Iceland's national programme of action: for the protection of the marine environment from land-based activities (bæklingur)
Prentuð útgáfa. Útgefendur umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun.

Jökulsárgljúfur National Park
(bæklingur, á ensku)
Prentuð útgáfa. Kom út á íslensku, þýsku og frönsku 2003

Kynningarbæklingur umhverfis-
ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar:
Framkvæmdaáætlun um varnir gegn
mengun sjávar frá landi. Texti á ensku.
Prentuð útgáfa

Matur og meðganga: fróðleikur fyrir
konur á barneignaaldri (bæklingur)
Prentuð útgáfa. Útgefendur Lýðheilsustöð,
Heilsugæslan - mæðravernd og
Umhverfisstofnun

Ramsarsamningurinn og
votlendissvæði á Norðurlöndum
Prentuð útgáfa. Útgefendur: Norræna
ráðherranefndin, Umhverfisstofnun. o.fl.

Strand m.s. Vikartinds: Rannsókn á viðbúnaði
og viðbrögðum vegna strands m.s. Vikartinds
þann 5. mars 1997. Útgefendur Brádamengun-
arnefnd, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun.
Rafræn útgáfa á heimasíðu UST

Veiðidagbókin 2004. Upplýsingarit veiðimanna.
Fylgir útgefnum veiðikortum. Höfundar ýmsir.
Prentuð útgáfa

UPPLÝSINGABLÖÐ

Umhverfisstofnun:
Upplýsingar og staðreyndir, nr. 1, júní 2004
Hættuleg efni í viðarvörn
Prentuð útgáfa

Umhverfisstofnun:
Upplýsingar og staðreyndir, nr. 2, ágúst 2004
Nýjar reglur um fæðubótarefni
Prentuð útgáfa

Umhverfisstofnun:
Upplýsingar og staðreyndir, nr. 3, sept. 2004
Hættuleg efni - merkingar
Prentuð útgáfa

Umhverfisstofnun:
Upplýsingar og staðreyndir, nr. 4, október 2004
Mengun hafs og stranda
Prentuð útgáfa

Umhverfisstofnun:
Upplýsingar og staðreyndir, nr. 5, október 2004
Friðlýsingarflokkar
Prentuð útgáfa

Umhverfisstofnun:
Upplýsingar og staðreyndir, nr. 6, október 2004
Hvað er friðlýsing?
Prentuð útgáfa

FRÉTTABRÉF

Þjóðgarðafréttir, maí 2004
Prentuð útgáfa

ÚTGEFNAR REGLUGERÐIR

- Reglugerð nr. 1101/2004 um markaðs-
setningu sæfiefna
- Reglugerð nr. 1097/2004 um breytingu á
reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt
ölkelduvatn og átappað lindarvatn
- Reglugerð nr. 1083/2004 um gildistöku
EES-reglugerða um inn- og útflutning
tiltekinna hættulegra efna
- Reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og
umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnu-
skyni
- Reglugerð nr. 933/2004 um framkvæmd
samnings um alþjóðaverslun með tegundir
villtra dýra og plantna sem eru í útrým-
ingarhættu.
- Reglugerð nr. 924/2004 um breytingu á
reglugerð nr. 751/2002 um tilteknar epoxý
afleiður til notkunar í efni og hluti sem
ætlað er að snerta matvæli.
- Reglugerð nr. 922/2004 um breytingu á
reglugerð nr. 121/2004 um varnarefnaleif-
ar í matvælum
- Reglugerð nr. 921/2004 um efni og hluti
úr sellulósafilmu sem er ætlað að snerta
matvæli
- Reglugerð nr. 920/2004 um breytingu
á reglugerð nr. 736/2003 um sýnatökur
og meðhöndlun sýna fyrir greiningar á
aðskotaefnum í matvælum.
- Reglugerð nr. 919/2004 um breytingu á
reglugerð nr. 757/2002 um sérfaði.
- Reglugerð nr. 986/2004 um breytingu á
reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leik-
vallatækja og leiksvæða og eftirlit með
þeim, með síðari breytingu nr. 492/2003
- Reglugerð nr. 879/2004 um Skaftafells-
þjóðgarð
- Reglugerð nr. 870/2004 um breytingu á
reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur
- Reglugerð nr. 842/2004 um breytingu á
reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit
og hollustuhætti við framleiðslu og dreif-
ingu matvæla með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 806/2004 um króm í sementi
- Reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn
sorpmengun frá skipum
- Reglugerð nr. 800/2004 um umskipum
olíu á rúmsjó
- Reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á
úrgangi frá skipum
- Reglugerð nr. 728/2004 um fljótandi
eldsneyti
- Reglugerð nr. 697/2004 um takmörkun
tiltekinna efna í raftækjum
- Reglugerð nr. 624/2004 um fæðubótarefni
- Reglugerð nr. 442/2004 um breytingu á
reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merk-
ingu og meðferð eiturefna, hættulegra
efna og vörutegunda sem innihalda slík
efni, ásamt síðari breytingum
- Reglugerð nr. 426/2004 um breytingu á
reglugerð nr. 857/1999, um bann við notk-
un tiltekinna eiturefna og hættulegra efna
- Reglugerð nr. 425/2004 um gildistöku
tiltekinna gerðar EES um fyrirkomulag
vöktunar á hámarksgildum varnarefnaleifa
í tilteknum matvælum.
- Reglugerð nr. 411/2004 um ýmis aðskota-
efni í matvælum
- Reglugerð nr. 410/2004 um breytingar á
reglugerð um sýnatökur og meðhöndlun
sýna fyrir greiningu á aðskotaefnum í
matvælum nr. 736/2003.
- Reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt
ölkelduvatn og átappað lindarvatn
- Reglugerð nr. 388/2004 um breytingu
á reglugerð um ungbarnablöndur og
stoðblöndur, nr. 735/1997
- Reglugerð nr. 385/2004 um breytingu
á reglugerð um varnarefnaleifar í
matvælum, nr. 121/2004
- Reglugerð nr. 368/2004 um breytingu á
reglugerð um barnamat fyrir ungbörn og
smábörn, nr. 140/2003
- Auglýsing nr. 340/2004 um takmörkun
á innflutningi á sterkum chilépipar og
afurðum úr honum.
- Reglugerð nr. 121/2004 um varnarefna-
leifar í matvælum.
- Reglugerð nr. 106/2004 um breytingu
á reglugerð nr. 786/1999 um mengunar-
varnaeftirlit
- Reglugerð nr. 105/2004 um breytingu
á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi
fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för
með sér mengun
- Reglugerð nr. 50/2004 um breytingu á
reglugerð um veiðikort og hæfnispróf
veiðimanna, nr. 291/1995



